

Mættir:

Agnes Hlín Pétursdóttir, Högni Þór Þorsteinsson, Arna Þöll Bjarnadóttir, María Rósa Einarsdóttir, Erla Guðfinna Jónsdóttir, Jórunn Helena Jónsdóttir, Lovísa Herborg Ragnarsdóttir og Birna Sigurðardóttir.

Birna setti fund kl. 12:30.

Arna Þöll ritar fundargerð.

- 1. Hugmyndir um aðila frá grenndarsamfélaginu inn í skólaráðið:** Stungið upp á ýmsum nöfnum. Ákveðið að fá karlkynsaðila inn í ráðið til að jafna kynjahlutföll. Birnu falið að ræða við aðila.
- 2. Starfsáætlun ráðsins:** Ákveðið að halda að lágmarki einn annan fund í vor til að fjalla um skóladagatal og aðra liði sem viðkoma næsta skólaári. Ef til vill þarf aukafund vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu. Ákveðið að hafa framvegis fasta þrjá fasta fundi á skólaárinu.
Haustfund: Farið yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir.
Janúarfund: Skipuleggja opinn fund á skólaárinu.
Vorfund: Fara yfir skóladagatal og aðra þætti sem viðkoma komandi skólaári.
- 3. Umfjöllun um skólanámskrána:** Fundarmenn munu kynna sér hana fyrir vorfund og gera athugasemdir og tillögur að breytingum á þeim fundi fyrir haustið.
- 4. Skóladagatal:** Verið er að skoða námsferð starfsmanna í maí. Illa hefur gengið að fá samþykki fyrir styrkjum og því ekki komin endanleg niðurstaða í þá ferð enn. Til að af henni geti orðið þarf einnig að skoða möguleika á því að breyta skóladagatali og slíta þá skóla laugardaginn 21. maí í stað 25. maí. Umræður urðu um lausn á því en þá þurfa starfsmenn að bæta nemendum upp einn mánudag. Þriðjudagurinn er skipulagsdagur samkvæmt skóladagatali og miðvikudagurinn er skólaslitadagur. Umræður urðu um þennan möguleika. Fundarmenn sáu ekki stóra meinbugi á því en rætt um að mögulega væri vont fyrir fólk að skólaslit yrðu á laugardegi. Aðrir töldu það jafnvel geta hentað betur. Rætt var einnig um að hafa þyrfti samráð við æskulýðs- og íþróttafulltrúa upp á að leikjanámskeið yrðu að fara fyrr af stað.
- 5. Skólareglur:** Rætt um að fara ítarlegar yfir þær á vofundi. Rætt um farsímanotkun nemenda. Leiðir þegar reglur eru brotnar. Fundarmenn sammála um að þetta sé flókið í ljósi þess að starfsmönnum er ekki heimilt að taka símann án samþykkis barnsins. Nemendur ræddu þann möguleika að nemendur settu símann í körfu á borði kennara á meðan á kennslustund stæði. Í framhaldi kom upp umræða um ábyrgð ef eitthvað kæmi fyrir tækið á meðan það væri í vörslu starfsmanna eða skólans.
Einnig rætt hvort hægt væri að senda póst á foreldra og fá þannig þeirra samþykki fyrir því að símar væru teknir ef börnin yrðu brotleg. Sama umræða kom í kjölfarið; ábyrgð á símunum. Ein leið talin hvað færust og hún væri að vísa barni út úr tíma og láta foreldri sækja það. Rætt nánar á vofundi.

6. Hugmyndir vegna ákvæðisins: „Skólaráð skal að lágmarki halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins“:

Hugmynd um að halda einhverskonar læsisráðstefnu með fyrirlestrum og erindum sem og smiðjuvinnu rædd og tekið jákvætt í hana. Fundarmenn sammála um að stefna að slíku. Birnu falið að ræða við skólastjóra leiksskólans um samstarf sem og bera þetta undir fræðslunefnd. Aðilar ráðsins verða í tölvusamskiptum um málið í framhaldinu.

7. Önnur mál:

Spurt var um verkefnið Heilsueflandi grunnskóli og hvort það væri á borði skólaráðs. Sérstakur vinnuhópur er með það verkefni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:40.